**Af hverju biðja kaþólskir til  skurðgoða (t.d. styttur, myndir)? eða til dýrlinga?**

Í samræmi við Fyrsta boðorðið: „ Ég er Drottinn þinn Guð, þú skalt ekki hafa aðra Guði en mig. Þú skalt ekki gera þér neitt líkneski til að tilbiðja það,“ þá tilbiðja kaþólskir hinn þríeina Guð einan, og banna því alla skurðgoðadýrkun eins og Jóhannes postuli einnig áréttar: „Börnin mín, gætið yðar á skurðgoðunum.“ (1Jh 5:21; Ex 20:1-5)
Enginn  kaþólskur biður styttu ásjár (líkt og heiðingjar gera). Fyrir kaþólskum eru styttur eða helgimyndir aðeins hjálpartæki til einbeitingar í bæn og áminning um að biðja og heiðra þá sem ímyndin táknar. Til samanburðar má benda á að ef rétt er að heiðra einstaklinga, sem eiga heiður skilið á jörðu niðri líkt og opinberar hetjur jarðnesks samfélags, svo sem stjórnmála- og siðbótarmenn, sem við reisum styttur af í heiðursskyni, þá er e.t.v. ekki síður ástæða til að heiðra þá einstaklinga, sem með heiðvirðu lífi höfðu, í jarðnesku lífi sínu, helgað krafta sína Guði með réttlætis- og kærleiksverkum. (1Pt 2:17, sjá einnig Rm 12:10; Heb 12:22-24) Kaþólsk kirkja kennir að slíkir helgir menn megi, vegna kærleiksríkra lifnaðarhátta á jörðu niðri, teljast örugglega á himnum og eru því úrskurðaðir sem svokallaðir dýrlingar öðrum til fyrirmyndar. (Heb 11; 2Kor 3:18).

Á svipaðan hátt og Jesús Kristur, hin heilaga Guðsmóðir og dýrlingar eru heiðruð með afsteypum, styttum, og myndum, má minna á að menn heiðra einnig og minnast fjölskyldumeðlima með myndum á heimilum sínum. Dýrlingar, sem með vissu hafa verið úrskurðaðir hólpnir, eru hollvinir Guðs á himnum og samverkamenn okkar á jörðu niðri, og er því einnig vertðugt að heiðra þá á svipaðan hátt og fjölskyldur og vini á jörðu niðri. Frá upphafi sköpunarverksins var slíkum helgum mönnum aldrei ætlað hlutleysi né afskiptaleysi af jarðneskum málefnum. (Op 6:10; sjá einnig Sálm 35:17). Hlutskipti þeirra á himnum er því heldur ekkert frábrugðið því hlutskipti sem þeir gegndu á jörðu niðri --að þjóna Guði og láta gott af sér leiða, eins og hl. Teresa hafði á orði og lesa má í dagbókum hennar, en æðsta ósk hennar var að fá að þjóna mönnum í eilífðinni líkt og englar á jörðu niðri.

Eins og Heilög ritning staðfestir mega jarðarbúar telja dýrlinga meðal hollvina sinna á himnum og leita stuðnings þeirra í bænum sínum til Guðs. Í yfirfærðri merkingu hins jarðneska lífs, má líkja málamiðlun og fyrirbænum vina á himnum við málamiðlun jarðneskra vina, sem einnig bregðast við til hjálpar á ögurstundu með bænum og samhjálp. Í heilagri ritningu er dýrlingum lýst sem slíkum „fjölda votta” sem rétt sé að gefa gaum til eftirbreytni og láta af allri synd. (Heb 12:1; 5Mósebók 9:27)

Rétt er einnig að minna á að orðið skurðgoðadýrkun, sem Jóhannes postuli varar við, vísar í Biblíunni til skurðgoða af heiðnum goðum og á því ekki við styttur af heilögum né

táknmyndir, sem þegar í frumkristni skreyttu katakómburnar í Róm m.a. af heilagri Guðsmóður Maríu. (1Jh 5:21)
Ekki er því bannað innan kaþólskrar kirkju að mála myndir, íkona, eða móta styttur af Jesú, móður Hans og helgum mönnum, en slíkt myndrænt efni þjónar, eins og áður segir, aðeins þeim tilgangi að minnast þeirra sem okkur ber að virða og við getum dregið lærdóm af.
---

Dr. Gígja Gísladóttir: Trúvörn